

## Fundargerð 270. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

**Fundarstaður:** Fundarsalur Þingborg  
**Fundardagur:** föstudagur 4. nóvember 2022  
**Fundartími:** 12:00-12:30  
**Fundarmenn:** Árni Eiríksson oddviti  
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri  
Sigrún Hrefna Arnardóttir, varamaður  
Harpa Magnúsdóttir  
Elín Höskuldsdóttir  
Walter Fannar Kristjánsson boðaði forföll

Árni Eiríksson oddviti setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Engar athugasemdir gerðar. Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.

### 1. Snjómokstur í Flóahreppi 2022-2025

Verðathugun vegna snjómoksturs á héraðsvegum, tengivegum og heimreiðum í Flóahreppi 2022-2025 fór fram dagana 13.10.2022-01.11.2022. Tilkynnt var um verðkönnun með auglýsingu í Dagskránni og á heimasíðu sveitarfélagsins. Eitt tilboð frá Hellisbúinu ehf. barst innan uppgefins skilafrests og tekur tilboðið til tveggja dráttarvéla í mokstur.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir fyrirbyggjandi tilboð frá Hellisbúinu ehf. Í ljósi umfangs veganets í sveitarfélaginu telur sveitarstjórn að þörf sé á fjórum vélum til snjómoksturs svo unnt sé að opna helstu leiðir á skilvirkan máta. Sveitarstjóra falið að vinna málið áfram.

Samþykkt með 5 atkvæðum